



FJARÐABYGGÐ

Sending rafrænna reikninga til Fjarðabyggðar

Ef birgjar eru ekki með bókhaldskerfi sem getur sent reikningar rafrænt (á XML formi) er hægt að senda Fjarðabyggð reikning í gegnum rafrænt form (vefgátt) sem er aðgengileg hér að neðan.

<https://fjardabyggd-billing.unimaze.com/>

Fylla þarf út öll stjórnumerkt svæði. Hér að neðan eru skjámyndir úr vefgátt ásamt skýringum.

Undir liðnum Birgi eru settar upplýsingar um fyrirtækið, kennitölu og nafn. Skrá þarf VSK númer ef fyrirtækið er í VSK skyldum rekstri, annars er hakað í ekki VSK skyldur rekstur.

Svo skal fylla inn heimilisfang fyrirtækis/birgja.

Í nafn tengiliðs á að setja nafn þess sem sendir reikninginn og að lokum á að setja netfang sendanda í netfang.

*Til upplýsinga fyrir þá sem eru ekki vanir bókhaldsmáli þýðir orðið „**birgir**“ fyrirtæki eða einstaklingur sem selur vöru eða þjónustu. Í þessu tilfelli einhver sem selur Fjarðabyggð vöru eða þjónustu.*

Birgi

* Kennitala: 999999-9999

* Nafn birgja: Málarinn ehf.

VSK nr.:

Ekki VSK skyldur rekstur:


* Heimilisfang: Hafnargata 2

* Póstnúmer: 730

Borg: Fjarðabyggð

* Landsnúmer: IS

Nafn tengiliðs: Jón Jónsson

Netfang : Jon@malarinn.is



FJARÐABYGGÐ

Viðskiptavinur

Undir liðnum viðskiptavinur er valinn viðskiptavinur/fyrirtæki sem stíla á reikninginn á. Kennitölur sveitarfélagsins eru fjórar og mikilvægt er að réttur viðskiptavinur séð valinn til þess að reikningur fari hratt og örugglega í greiðsluferli.

- Fjarðabyggð kt. 470698-2099
- Fjarðabyggðarhafnir kt. 470698-2179
- Hitaveita Fjarðabyggðar kt. 510111-0870
- Eignarhaldsfélagið Hraun kt. 550799-2009.

Í Deild/kostnaðarstöð á að setja heiti þess deildar sveitarfélagsins sem kaupir vöru/þjónustu. Til að finna rétta deild/kostnaðarstöð er best að smella í svæðið, slá inn 2-3 stafi í nafni þeirrar deildar/kostnaðarstöðvar sem kaupir vöru/þjónustu og smella svo á réttu deildina í vallistanum sem birtist.

Grunnupplýsingar

Undir liðnum grunnupplýsingar á að setja reikningsnúmer reiknings sem kemur úr bókhaldskerfi viðkomandi, ef ekkert bókhaldskerfi er til staðar skal setja hlaupandi númer.

Útgáfudagsetning er bókunardagur reiknings og stjórnar því á hvaða uppgjörstímabili færslan skráist.

Gjalddagi er greiðsludagur reiknings, gjalddagi skal vera sá sami og eindagi.

Pöntun númer skal nota þegar slíkt er fyrir hendi, ef ekkert númer pöntunar er til verður að nota tilvísun kaupanda.

Tilvísun kaupanda getur verið nafn þess sem pantar, verknúmer, bílnúmer eða þess háttar.

Athugasemdir er svæði þar sem gott að setja frekari skýringar sé þess þörf. Því ítarlegri sem upplýsingar á reikningi eru því fljótlegri verður hægt að afgreiða reikning.

Grunnupplýsingar

Reikningur:	123456
Dagsetning skilnings:	04.05.2022
Gjaldlag:	24.05.2022
Tilvísun kaupanda:	Jón Jónsson
Viltfang:	
Verknúmer:	
Athugasemdir:	Min astanti fór til landsins
Gjaldmiði:	1000 krónur (ISK)

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur



FJARÐABYGGÐ

Reikningslínur

Næst er sett inn upplýsingar um hvað var keypt, vörunúmer, heiti vöru/þjónustu, fjöldi, mælieining, verð o.þ.h.

Reikningslínur

Vörunr.	* Nafn	* Fjöldi	* Mælieining	* Verð pr. einingu	* Skattflokkur	Afsláttur	Upphæð	Upphæð með skatti
1	Tímavinna	3	Klukkustund	5000	Helðbundinn skattur (24%)		15.000,00	18.600,00
+ Bæta við línu								

Skattskyfirlit	Skattskyld upphæð	Skattur	Samtals án VSK	Samtals VSK upphæð
Helðbundinn skattur (24%)	15.000,00	3.600,00	15.000,00	3.600,00

Samtals með VSK:	18.600,00
Afríningur aurs:	0,00
Til greiðslu:	18.600,00

Greiðsluháttur

Undir liðnum greiðsluháttur eru upplýsingar um bankareikning sem greiða á inn á eða kröfurönd ef greiðsluseðill hefur verið stofnaður.

Greiðsluháttur

Millifærsla

Reikningsnúmer: 555 05 12345

Viðhengi

Hægt er að hengja við mynd af fylgiskjöllum. Best er að skanna inn mynd af fylgiskjali í skanna og vista niður í tölvunni eða símanum. Viðhengið má ekki vera stærra en 1MB og á að vera á pdf eða Excel. Athugið að viðhengið þarf að vera læsilegt.

Tímaskýrsla	11.5.2022 15:22	Adobe Acrobat D...	65 KB
Verknúmer_Origo	10.6.2021 09:40	PNG File	17 KB
vskhandbók	22.3.2018 15:41	Adobe Acrobat D...	63 KB
Zoom	7.12.2021 18:05	Shortcut	2 KB

Tímaskýrsla.pdf

* Lýsing

Tímaskýrsla apríl 2022

Í lýsingu skal setja lýsandi heiti, dæmi vinnuskýrsla, fylgiskjal, afrit reiknings.

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjóifjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður


Breiðdalur



FJARÐABYGGÐ





Senda til bókhalds

Þegar búið er að hengja fylgiskjalið við og ganga úr skugga um að allir reitir með rauðri stjörnu séu útfylltir skal haka í reitinn „ég er ekki vélmenni“ og ýta á senda hnappinn neðst í hægra horninu. Best er að hafa hakað í „senda afrit“ því að þá sendist afrit af reikningi á netfang sendanda. Í svarpósti sést fjöldi viðhengja sem fylgdu reikningi og sést þá strax ef viðhengi hafa ekki skilað sér.



Viðhengi búin til með iphone síma (mynd af reikningi tekin í iphone síma).

Til að taka mynd á símann og vista sem pdf er best að nota notes appið í símanum til að skanna inn fylgiskjalið

1. Opna Notes og veljið að stofna nýja athugasemd neðst í hægra horni.

2. Smellið á myndavélarhnappinn , ýtið svo á „scan documents“ .
3. Setjið skjalið sem þið ætlið að skanna fyrir framán myndavélina.
4. Ef síminn ykkar er stilltur á svokallað „auto mode“ mun skjalið skannast sjálfkrafa. Ef þú þarft að gera þetta handvirkt, ýttu á . Síðan er hægt að laga skannaða skjalið með því að draga til hornin á skjánum. Ýta svo á „keep scan“.
5. Að lokum ýtum við á „save“ til að vista skjalið.

Þessar leiðbeiningar fyrir iphone eru þýðing af vefslóðinni hér að neðan.

<https://support.apple.com/en-us/HT210336> en einnig er hægt að horfa á myndband á ensku á youtube um hvernig þetta er gert

<https://www.youtube.com/watch?v=efxXmgWXjll>

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Sími 470 9000
www.fjardabyggd.is
kt.470698-2099

Mjólfjörður
Norðfjörður

Eskifjörður
Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður
Stöðvarfjörður

Breiðdalur



FJARÐABYGGÐ

Viðhengi búin til með android síma (svo sem Samsung). Hér er einfaldast með android síma að nota t.d. google drive appið í símanum til að skanna mynd af fylgiskjali.

1. Við förum í google drive appið, veljum að búa til nýtt skjal



2. Ýtum á „scan hnappinn“



3. Tökum mynd með því að ýta á hringinn neðst fyrir miðju  og forritið býr þá til pdf skjal.

4. Hægt er að laga skjalið til með því að draga til skjalið á skjánum.
5. Því næst er ýtt á „save“ neðst í hægra horni til að vista skjalið.
6. Athugið að til að skjalið vistist virðist þurfa að vera nettenging (wifi).

Á youtube má finna myndband á ensku um hvernig á að skanna reikninga með þessu appi.

<https://www.youtube.com/watch?v=uMmotflwLZo>